

Bréf frá talmeinasviði Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands

Til: Fjárlaganefndar Alþingis

Starfsfólk á talmeinasviði Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands (HTÍ) kallar eftir stuðningi yfirvalda við þau verkefni sem stofnunin sinnir fyrir börn og fullorðna með talmeini.

Talmeinasvið HTÍ annast sértæka talmeinaþjónustu við stóra hópa skjólstæðinga HTÍ, heyrnarskert börn og fullorðna, börn með skarð í gómi og/eða vör, talþjálfun heyrnarskertra, endurhæfingu kuðungsigræðsluþega á öllum aldri. Þessi þjónusta krefst náinnar samvinnu við aðra anga heilbrigðiskerfisins, s.s háls- nef- og eyrnalækna og heyrnarfræðinga Heyrnar- og talmeinaastöðvar og lýtalækna, háls-, nef- og eyrnalækna Landspítala og talmeinafræðings og lækna Barnaspítalans.

Þá annaðist stofnunin um langt árabil málþroskagreiningu og ráðgjöf vegna barna sem sýndu slæma útkomu á skimun heilsugæslu við 18 mánaða aldur, börn sem ekki voru komin í leikskóla og talmeinaþjónustu fyrir sveitarfélög þar sem enga talmeinaþjónustu er að finna. Þessa þjónustu þurfti HTÍ að skera niður seint á síðasta ári vegna manneklu og fjárskorts. Þessi niðurskurður bitnaði á u.þ.b. 200 börnum á ári.

Þá er ónefnt starf talmeinasviðs við þróun prófa og búnaðar fyrir alla stétt talmeinafræðinga, kennslu við námsbraut í talmeinafræðum við Háskóla Íslands og þjálfun talmeinafræðinema.

Áður gátu útskrifaðir talmeinafræðingar notið starfsþjálfunar til leyfisveitingar, að jafnaði tveir nemendur á ári, í 6 mánaða lotum. HTÍ hefur ekki haft fjármagn til að geta haft slíka nema á launum síðustu ár vegna stöðugs niðurskurðar og húsnæðisvanda.

Því koma fréttir um kröfur um áframhaldandi niðurskurð verulega á óvart. Ef fjárveitingar í fyrstu drögum að Fjárlögum 2024 verða ekki auknar mun Heyrnar- og talmeinaastöð þurfa að halda áfram að skera niður stóran hluta þjónustu sinnar og fórna starfsfólki með sérþekkingu sem hvergi finnst annars staðar í heilbrigðisgeiranum.

Ef frekari niðurskurður heldur áfram meta talmeinafræðingar stöðvarinnar það sem svo að ekki sé faglegur grundvöllur fyrir áframhaldandi starfsemi talmeinasviðs HTÍ. Þjónusta í núverandi mynd mætir ekki þörfum þeirra skjólstæðinga sem heyra undir lögbundna þjónustu talmeinasviðs eða þeim skuldbindingum sem HTÍ hefur gagnvart Háskóla Íslands, sökum fjárskorts. Þetta kemur niður á okkar skjólstæðingum, kennslu og námsbraut í talmeinafræðum við Háskóla Íslands, þar sem við erum mikilvægur liður í að fjölga talmeinafræðingum á landsvísu.

Við teljum að mikilvægt sé að ráðuneyti geri sér fulla grein fyrir þeim afleiðingum sem það hefur fyrir skjólstæðingahópa okkar, aðstandendur og aðrar heilbrigðisstofnanir og fagaðila ef Heyrnar- og talmeinaastöð getur ekki lengur sinnt sínu hlutverki gagnvart þessum hópum og hvetjum hlutaðeigandi að skoða málið alvarlegum augum.

Virðingarfyllst,

f.h. talmeinasviðs Heyrnar- og talmeinaastöðvar Íslands

Anna Ósk Sigurðardóttir
Talmeinafræðingur og sviðstjóri talmeinasviðs